

---

# Rafrænar umsóknir í kvikmyndasjóð Leiðbeiningar

---

## Heiti skjala:

- 01-handrit-[nafn verkefnis]
- 01-greinargerð handritshöfundar-[nafn verkefnis]
- 01-sena-[nafn verkefnis]
- 02-rétthafaefni-[aðili]-[nafn verkefnis]
- 03-greinargerð- leikstjóra-[nafn verkefnis]
- 04-greinargerð-framleiðanda-[nafn verkefnis]
- 05-greinargerð-[nafn verkefnis]
- 06-samframleiðslusamningar-[nafn verkefnis]
- 07-þátttaka-[nafn verkefnis]
- 08-ferilskrár-[nafn verkefnis]
- 09-fyrirtæki-[nafn verkefnis]
- 10-kostnaðaráætlun-[nafn verkefnis]
- 11-fjármögnunaráætlun-[nafn verkefnis]
- 12-fjárstreymisáætlun-[nafn verkefnis]
- 13-tekjuskipting-[nafn verkefnis]
- 14-staðfesting-[aðili-nafn verkefnis]
- 15-vilyrði-sýningar-[aðili-nafn verkefnis]
- 16-markaðsáætlun-[nafn verkefnis]
- 17-aðrar-upplýsingar-[nafn verkefnis]

Sé um fleiri en einn aðila að ræða skal nafn hvers um sig koma fram í heiti fylgiskjalsins.

---

## 1 Almennt um umsóknina

Upplýsingar um verk og helstu aðstandendur auk greinargerðar um önnur verkefni sem umsækjandi hefur hlotið styrki fyrir og eru enn í vinnslu eða uppgjöri fyrir hefur ekki verið skilað.

---

## 2 Um verkefnið

Hér þarf að gera grein fyrir öðrum mögulegum umsóknum í sjóðinn vegna verkefnisins. Jafnframt þurfa hér að koma fram helstu upplýsingar um verkefnið sem og framkvæmdaáætlun þess.

Gögn:

- Samningur við alla rétthafa og höfunda verksins.
- Grunnhugmynd í einni til tveimur setningum á íslensku og ensku.
- Greinargerð leikstjóra og framleiðanda. Sé um fleiri en einn leikstjóra/framleiðanda að ræða skal nafn hvers um sig koma fram í heiti fylgiskjalsins séu greinargerðirnar ekki til í einu skjali.
- Einnig er hægt að bæta við sjónrænu efni og/eða fyrirliggjandi kynningarefni og greinargerðum eftir því sem við á. Gott er að slóðir á fyrri verk umsækjanda fylgi hér með séu þau ekki aðgengileg á kvikmyndavefnum.

## Handritsumsóknir – leikið efni

- Söguþráður (logline) verksins í einni til tveimur setningum.
- Handrit/úrdráttur (sjá nánar hér á eftir).
- Greinargerð handritshöfundar um verkið og frekari þróun þess.
- Skila þarf a.m.k. þremur fullskrifuðum senum með samtölum þegar sótt er um I. hluta handritsstyrks og þremur senum þegar sótt er um II. hluta.

## Leiknar kvikmyndir í fullri lengd

- I. hluti – Söguþráður (synopsis), 4–6 bls.
- II. hluti – Ítarlegur söguþráður (treatment), 10–15 bls.
- III. hluti – Uppkast að handriti í fullri lengd, á þessu stigi er æskilegt að framleiðslufyrirtæki komi að verkefninu.

## Sjónvarpsþættir

- I. hluti – Söguþráður (synopsis) fyrir fyrsta þátt, 4–6 bls. Stuttur útdráttur (short synopsis) að hámarki 1 bls. fyrir hvern þátt annan.
- II. hluti – Ítarlegur söguþráður (treatment) fyrir fyrsta þátt, u.þ.b. 10 bls. Söguþráður (synopsis) fyrir hvern þátt annan.
- III. hluti – Handrit að fyrsta þætti. Ítarlegur söguþráður (treatment) fyrir hvern þátt annan, á þessu stigi er æskilegt að framleiðslufyrirtæki og sjónvarpsstöð komi að verkefninu.

## Handrit og þróun – heimildamyndir

**Handritsstyrkir** Útdráttur eða fyrirhuguð efnistöð, 2–4 bls. þar sem fram kemur heildarsýn og söguþráður. Greinargerð höfundar um verkefnið. Farið er fram á stutta en nákvæma lýsingu á fyrirhugaðri myndrænni uppbyggingu myndarinnar og upplýsingar um hvernig styrkurinn mun nýtast við þróun verkefnisins.

**Þróunarstyrkir** Greinargerð leikstjóra, sýn og markmið. Lýsing á myndrænni uppbyggingu verksins og ef til vill sýnishorn af myndefni. Grunnhugmynd í einni til tveimur setningum (*logline*). Efni myndarinnar í stuttu máli (*short synopsis*) sem og upplýsingar um í hvað nýta skal styrkinn.

## Framleiðslustyrkir

Með framleiðslustyrkjaumsóknum allra flokka þarf allt sem nefnt er hér að framan að fylgja umsókn og fullbúið handrit verkefnis.

---

### 3 Lykilhlutverk

Listi skal fylgja yfir aðstandendur og listræna lykilstarfsmenn sem og helstu leikara sem stefnt er á að fá til verksins.

Upplýsingar um meðframleiðendur og fjármögnunaraðila eftir því sem við á sem og fyrirhugaða samframleiðslusamninga. Fyrirliggjandi samningar skulu fylgja með. Sé um fleiri en einn samning að ræða og þeir ekki til í einu skjali skal heiti hvers samframleiðslufyrirtækis koma fram í heiti fylgiskjalsins.

Einnig skulu fylgja staðfestingar á þátttöku lykilstarfsmanna, við umsókn getur það verið yfirlýsing um áhuga á þátttöku.

Pegar sótt er um framleiðslustyrk þurfa að liggja fyrir samningsdrög (*deal memo*) við leikstjóra. Einnig þarf ferilskrár helstu aðstandenda og lykilstarfsmanna sem og framleiðslu- og samframleiðslufyrirtækja. Séu skjölin ekki til í einu lagi þá skal nafn hvers og eins aðila koma fram í heiti skjalsins. Ferilskrár einstaklinga skulu greina sérstaklega hvað viðkomandi hefur gert áður í kvikmyndagerð. Skólaverkefni eiga ekki heima á ferilskrá nema að verkefni hafi ferðast töluvert.

---

### 4 Fjármál og áætlanir

Kostnaðaráætlun skal skila á formi KMÍ eða öðru alþjóðlega viðurkenndu formi. Þegar um handrits- eða þróunarstyrki er að ræða er nóg að skila einföldu formi þar sem fram kemur í hvað styrkveitingin er hugsuð. Þegar um minnihlutaframleiðslu hér á landi er að ræða þarf, auk heildarkostnaðaráætlunar verkefnisins, að fylgja með yfirlit yfir kostnað eftir löndum.

Upplýsingar um fjármögnun þurfa að liggja fyrir ásamt fjárstreymisáætlun og áætlun um eigna- og tekjuskiptingu. Jafnframt þarf að veita upplýsingar um aðra styrki sem sótt hefur verið um eða fengist hafa til verkefnisins.

Þeim staðfestingum á fjármögnun sem liggja fyrir skal skila inn með umsókn.

Leggja þarf markaðs- og kynningaráætlun fram með framleiðsluumsókn sem og vilyrði fyrir sýningum, slík vilyrði styrkja jafnframt umsóknir á fyrri stigum.

---

### 5 Kynjavægi

Upplýsa þarf um kyn lykilstarfsmanna og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér og fylla út Bechdel-prófið.

---

### 6 Staðfesting

Hér er unnt að skila inn öðrum gögnum sem umsækjandi telur að máli skipti

Að lokum samþykkir umsækjandi að allar upplýsingar séu réttar og sendir inn umsókn.